



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 12. mars 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinum voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit jan-des 2024 og framkvæmdayfirlit janúar 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna jan.-des. 2024 og framkvæmdayfirlit vegna janúar 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Samstarfsverkefni Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar

Sveitarstjóri og oddviti hafa síðustu vikur setið fundi með KPMG og fulltrúum Húnabyggðar þar sem skoðaðir hafa verið fletir á samstarfi milli sveitarfélagana í ýmsum málaflokkum og mögulegar útfærslur á slíku samstarfi.

Í tengslum við fyrrnefnd samstarfsverkefni og slit á byggðasamlögum er það vilji sveitarstjórnar að segja sig frá rekstri Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi og var sveitarstjóra falið að senda erindi þess efnis á stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins.

4. Ársskýrsla Náttúrustofu Norðurlands vestra 2022 og 2023

Fyrir fundinum lá Ársskýrsla Náttúrustofu Norðurlands vestra vegna 2022 og 2023. Var skýrslan lögð fram til kynningar.

5. Boðun XL. Landsþings Sambandsins

Með erindinu er boðað til XL. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem verður haldið fimmtudaginn 20. mars nk. á Hilton Reykjavík Nordica. Sveitarstjóri og oddviti munu sitja þingið fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. Rammasamningur KPMG og Sveitarfélagið Skagaströnd

Fyrir fundinum lágu drög að rammasamningi milli KPMG og sveitarfélagsins um þjónustu og þóknun KPMG vegna ráðgjafar á sviði stjórnsýslu, rekstrar, fjármála, áætlanagerðar og reikningsskila sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Var samningurinn samþykktur samhljóða af sveitarstjórn eins og hann var lagður fyrir og var sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.



7. Útboð 25-018 – Skagaströnd, Ásgarður þekja og lagnir 2025

Fyrir fundinum lá erindi frá Vegagerðinni þar sem tilgreindar eru niðurstöður útboðs vegna seinni hluta framkvæmda við endurbyggingu Ásgarðs á Skagaströnd.

Þrjú tilboð bárust í verkið *Ásgarður, þekja og lagnir 2025*.

Verk lausn ehf. 75.902.420 kr. 86,5%

Neglan Byggingafélag ehf. 89.997.500 kr. 102,6%

Friðrik Jónsson ehf. 107.135.258 kr. 122,1 %

Áætlaður verkkostnaður: 87.759.100 kr. 100 %

Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Verk lausn ehf. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með fimm greiddum atkvæðum að gengið verði til samninga við Verk lausn ehf. og var sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. Bréf

a. LBL dags. 4. mars 2025

Efni: Leitað eftir samstarfi

Samtökin Landsbyggðin lifi leita eftir samstarfi við sveitafélög í dreifbýli vegna þátttöku samtakanna í samstarfsverkefninu „**Coming, Staying, Living – Ruralizing Europe**“. Verkefnið leitast við að efla byggð í dreifbýli og smærri samfélögum með áherslu á grunnþjónustu, sjálfbærni og samfélagsþol. Verkefnið er unnið í samstarfi við Finnland, Svíþjóð og Danmörku og fellur vel að áherslum Norðurlandaráðs um þróttmikil og sjálfbær samfélög þar sem fólk vill búa og starfa. Var sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari upplýsingum um verkefnið.

b. SSNV dags. 5. mars 2025

Efni: Boð á Ársþing SSNV dags. 9. apríl 2025

Með bréfinu er boðað til 33. Ársþings Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem haldið verður á Gránu á Sauðárkróki 9. apríl næstkomandi. Þingfulltrúar sveitarfélagsins eru Halldór Gunnar Ólafsson, Arnar Ólafur Viggósson og Erla María Lárusdóttir. Var sveitarstjóra falið að senda staðfestingu á þingfulltrúum sveitarfélagsins til SSNV.

6. Fundargerðir:

a. Almannaavarnarnefnd Húnavatnssýslna dags. 30. janúar 2025

Fyrir fundinum lá fundargerð Almannaavarnarnefndar Húnavatnssýslna frá 30. janúar sl. Sveitarfélagið þarf að skipa fulltrúa í nefndina og var lögð fram tillaga þess efnis að skipa Gísla Reynisson fyrir hönd sveitarfélagsins. Var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

b. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 24. janúar 2025

Lögð fram til kynningar.

c. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. janúar 2025

Lögð fram til kynningar.

d. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 18. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar.

e. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 19. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar.

f. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar.



g. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar.

h. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 24. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar.

i. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25. febrúar 2025

Lögð fram til kynningar.

j. Hafnar- og skipulagsnefnd dags. 11. mars 2025

Fyrir fundinum lá fundargerð Hafnar- og skipulagsnefndar frá 11. mars 2025.

Eftirfarandi var bókað undir lið 1. b)

Ræktunarland 53

Fyrir fundinum lágu drög að lóðarblaði sem unnið er af Stoð verkfræðistofu dags. 07.03.2025 vegna ræktunarlands 53. Var lóðablaðið lagt fram til samþykktar og staðfest samhljóða af nefndarmönnum.

Strandgata 2

Fyrir fundinum lágu drög að lóðarblaði sem unnið er af Stoð verkfræðistofu dags. 20.02.2025 vegna Strandgötu 2 (Sævarlands). Var lóðablaðið lagt fram til samþykktar og staðfest samhljóða af nefndarmönnum.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Afgreiðsla Hafnar- og skipulagsnefndar samþykkt samhljóða með fimm greiddum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

Eftirfarandi var bókað undir lið 1. c)

Áætlun um eignamörk fasteigna

Fyrir fundinum lágu þrjú erindi frá HMS vegna áætlunar um eignamörk fasteignar dags. 05.02.2025 vegna Skagastrandarlands (L145836), Ásholts (L145484) og Réttarholts (L145486). Í bréfunum kemur fram að HMS fari fyrir verkefninu *Áætlun eignamarka* sem felur í sér að vinna drög að landamerkjum jarða út frá aðgengilegum gögnum og afrakstur þeirra borinn undir landeiganda. Notast er við landamerkjabækur auk þinglýstra skjala. Markmið verkefnisins er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu á landi með tilheyrandi ávinningi fyrir landeiganda og samfélagið. Fram kemur að ef áætlun HMS endurspeglir ekki hugmyndir landeiganda um eignamörk fasteignar skuli hann gera athugasemdir innan sex vikna frá dagsetningu bréfanna. Nefndin tók erindin til umræðu og vísaði þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að vinna málið áfram með byggingafulltrúa sveitarfélagsins. Ágreiningur hefur verið uppi um sýslumörk og þarf að eiga sér stað samtal við Skagafjörð og Húnabyggð til að hægt sé að klára eignamörk vegna Skagastrandarlands.

Eftirfarandi var bókað undir lið 1. d)

Umsókn um sameiningu fasteignanúmera - Skagavegur 15



Fyrir fundinum lá umsókn um að sameina fasteignanúmer á eignum að Skagavegi 15. Með umsókn er lögð fram undirrituð yfirlýsing vegna sameiningar fasteigna undirrituð af veðhafa og þinglýsum eiganda en í yfirlýsingunni kemur fram að það sé ákvörðun þinglýsts eiganda fasteigna að Skagavegi 15 á Skagaströnd að sameina allar fasteignir á lóðinni í eina fasteign. Fastanúmer F2139195 sameinast fasteigninni F2139194.

Nefndin tók umsóknina til umfjöllunar og samþykkti framlagða beiðni.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

Eftirfarandi var bókað undir lið 1. e)

Fyrir fundinum lá umsókn Vilhelms Þórs Þórarinssonar og Vigdísar Heiðrúnar Viggósdóttur um úthlutun lóðar að Hólanesvegi 6 til byggingar á einbýlishúsi. Í umsókn kemur fram að áætlað sé að framkvæmdir hefjist vorið 2025 og að áætlaður byggingartími sé þrjú mánuðir. Umsækjandi lagði fram frumteikningar af einingarhúsi sem fyrirhugað er að kaupa af Verk lausn ehf. á Skagaströnd.

Nefndin ræddi framlagða umsókn og samþykkti úthlutun á lóðinni til umsækjenda í samræmi við gildandi reglur þar um.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu nefndarinnar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum og fól sveitarstjóra að ganga frá lóðaúthlutun við umsækjendur.

Eftirfarandi var bókað undir lið 1. f)

Umsókn um breytingu á lóðarstærð Hafnarlóð 1

Fyrir fundinum lá erindi f.h. Fisk Seafood varðandi breytingu á stærð lóðar að Hafnarlóð 1, Skagaströnd (L145681). Fyrirhuguð er sala á eign Fisk Seafood (Frystigeymsla F2139123) og er lóðin undir eigninni skráð 10.000 m² skv. fasteignaskrá HMS og lóðaleigusamningi um eignina frá 1979. Þegar lóðinni var úthlutað á sínum tíma var fyrirhugað að reisa bæði frystigeymslu og frystihús á lóðinni en frystihúsið var aldrei byggt. Áætlanir um uppbyggingu frystihúss skýra umfang lóðarinnar. Fisk Seafood óskar eftir því að lóðinn verði minnkuð úr 10.000 m² í 2.100 m² í samræmi við tillögu að nýjum lóðarmörkum sem unnin voru af Verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki dags. 03.02.2025. Nefndin ræddi framlagt erindi og lagði fram tillögur að breytingum að legu tilgreindra lóðamarka sem sveitarstjóra var falið að útfæra og ræða við lóðarhafa. Var afgreiðslu erindis frestað.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu nefndarinnar og fól sveitarstjóra að vinna málið áfram.

Að öðru leyti var fundargerði lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál

Ekkert mál tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:32



Undirritunarsíða

Undirritun fundargerðar
Arnar Ólafur Viggósson

Undirritun fundargerðar
Halldór Gunnar Ólafsson

Undirritun fundargerðar
Péturína Laufey Jakobsdóttir

Undirritun fundargerðar
Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Undirritun fundargerðar
Erla María Lárusdóttir

Undirritun fundargerðar
Alexandra Jóhannesdóttir